

Starfsáætlun Leikskólans Hlíðarenda 2024-2025



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlæð hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Efnisyfirlit

Formáli	2
Efnisyfirlit	3
1. Inngangur	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.1. Innra mat leikskólans - framkvæmd.....	6
2.1.1 Niðurstöður úr matsáætlun 2022-2023	6
2.2 Húsnæði og lóð	9
2.3. Ytra mat.....	9
2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra og ytra mats	10
2.5 Matsáætlun skólaárið 2023-2024	12
3. Áherslur í starfi leikskólans	14
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár	14
4. Starfsmannamál	16
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí	16
4.2 Starfsþróunarsamtöl	16
4.3 Símenntun síðasta skólaárs.....	17
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum	17
5. Aðrar upplýsingar	18
5.1 Barnahópurinn 1. maí 2023.	18
5.2 Foreldrasamvinna	18
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla.....	19
5.4 Skipulagsdagar og skert opnun vegna starfsmannafunda	20
Fylgirit	20
• Leikskóladagatal.....	20
• Umsögn foreldraráðs	20

1. Inngangur

Hvað einkendi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburðir o.þ.h..

Í starfsáætlun Hlíðarenda er farið yfir megin áherslur á komandi skólaári. Starfsáætlunin er byggð á innra mati skólans, ytra mati og því þróunar- og nýbreytnistarfi sem fram undan er. Litið er á starfsáætlun sem leiðarvísi í umbótum skólustarfs sem starfsmannahópurinn tekur þátt í að móta og skapa. Í starfsáætlun er að finna tölulegar upplýsingar um starfsmannahald og samsetningu barnahóps á líðandi skólaári, mat á leikskólastarfinu, umbótaáætlun, símenntunaráætlun og áætlun um samstarf leikskólans við Setbergsskóla. Skóladagatal komandi skólaárs fylgir starfsáætlun ásamt samþykki foreldraráðs.

Sem fyrr verður leikur barnanna lagður til grundvallar öllu leikskólastarfinu og áhersluþættir skólans umhverfismennt, lífsleikni og hreyfing setja svip sinn á daglegt starf í leikskólanum. Í Hlíðarenda starfar öflugur hópur starfsfólks sem hefur mikinn metnað fyrir metnaðarfullu fagstarfi. Starfsfólk er með víðtæka þekkingu og reynslu og vinnur af áhuga og metnaði. Lögð er áhersla á góð samskipti og samvinnu við foreldra og að þeir eigi greiða leið að starfsfólki.

Við leikskólann starfar foreldrafélag sem vinnur í samvinnu við stjórnendur leikskólans að ýmsum uppákomum fyrir börnin. Haustið 2023 hélt foreldrafélagið aðalfund sinn í leikskólanum, ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum hélt Páll Ólafsson fyrirlestur um jákvæð samskipti. Á degi leikskólans bauð foreldrafélagið í vöflukaffi og stjórn félagsins sá um vöflubaksturinn. Farið var í sveitaferð í maí og svo var sumarhátíð miðvikudaginn 5. júní í gulri viðvörun. Það rættist þó úr veðri, Sirkus Íslands skemmti, boðið var upp á andlitsmálningu, sápukúlufjör og kleinur og djús í hressingu

Einhverjar breytingar áttu sér stað í starfsmannahópnum. Nýir deildarstjórar voru á 3 deildum af 4. Einn deildarstjóri var í langtímaveikindum frá nóvember og er ekki fyrir séð um hvenær hann snýr til baka. 3 starfsmenn hættu vegna aldurs í vor. Það gekk þó vel að manna leikskólann þetta skólaár, og leikskólastarfið gekk vel með öflugum og jákvæðum starfsfólki.

Stytting vinnuvikunnar og nýtt fyrirkomulag Kí félaga hefur gengið vel. Starfsfólk í Hlíf tekur flest heilan dag í styttingu hálfsmánaðarlega. Skólaárið voru um að bil 60% starfsmanna í FL og um 40% í Hlíf. Foreldrar hafa verið beðnir að svara könnun um mætingu barna í jólaleyfi, vetrarleyfi og dymbilviku (þá daga sem FL starfsfólk er í styttingu) og hefur það sýnt sig að það er töluvert um það að börn séu í leyfi á þessum tímum. Foreldrar fá niðurfellingu á leikskólagjöldum ef börn þeirra mæta ekki þá daga sem um ræðir.

Í byrjun nóvember fengum við heimsókn frá fjórum kennurum frá Eistlandi. Þeir voru hjá okkur í 5 daga að kynna sér útinám og umhverfismennt í leikskólum.

Eftir áramót hófu tveir kennarar þátttöku í þróunarverkefni um undirbúningstíma leikskólakennara. Um er að ræða Þróunarverkefni leikskóla í Hafnarfirði og Reykjavík í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmiðið er að þróa skipulag og innihald undirbúningstíma leikskólakennara. Notagildi verkefnisins felst í leiðbeiningum og handbók sem á að stuðla að fagmennsku leikskólakennara og gæði leikskólastarfs, og hvetur til virks samstarfs kennara við samstarfsfólk, foreldra og börn í undirbúningstíma. Verkefnið stendur til áramóta 2024-2025.

Starfsfólk leikskólans fór í náms- og kynnisferð til Berlínar 8-12 maí. Markmið ferðarinnar var fyrst og fremst að fræðast um og að læra að vinna með C-in 4 í leikskólanum: Critical Thinking, Creativity, Collaboration, Communication (Gagnrým hugsun, sköpun, samvinna og samskipti). Þetta eru allt þættir sem mikilvægt er að kenna börnum í síbreytilegu samfélagi nútímans og falla vel að hugmyndafræði leikskólans. Við heimsóttum einnig leikskóla sem leggur sérstaklega áherslu á fjölmenningu og foreldrasamtarf.

Í lok maí fékk Hlíðarendi Grænfánann afhentan í sjöunda sinn. Síðastliðin tvö ár hefur skólinn unnið með þemað Náttúruvernd og börnin hafa fræðst um nærumhverfi skólans og gildi náttúrunnar. Athöfnin var haldin hátíðleg þar sem börn leikskólans mynduðu heiðursgöng og elstu börn leikskólans, Uglurnar báru nýja fánann í gegnum þau og fáninn dreginn að húni. Við erum afar ánægð með nýja fánann enda er starfsfólk skólans búið að vinna af metnaði og seiglu að náttúruverndarstarfi í vetur

Í byrjun júní fengum við góða heimsókn frá leikskólakennurum í Reykjavík. Það voru 20 kennarar í lærdómssamfélagi læsisteyma sem komu til að kynna sér málrækt og læsi í Hlíðarenda og Hafnarfirði.

Haustið 2023 fórum við í þá vegferð að verða heilsueflandi vinnustaður. Við settum saman hóp til að halda utan um verkefnið og fengum mikla hjálp frá Huldu Sólveigu Jóhannsdóttur. Í dag getum við með stolti sagt að leikskólinn Hlíðarendi sé heilsueflandi vinnustaður.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1. Innra mat leikskólans - framkvæmd

Mikilvægur hluti skólstarfs er að leggja mat á það sem fengist er við og taka upplýstar ákvarðanir um það hvort einhverju þurfi að breyta, betrubæta eða jafnvel umvenda. Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um leikskólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum eða þeim árangri sem stefnt er að út frá ákveðnum viðmiðum. Matið gerir starfsfólki kleift að kynnast starfinu og finna bestu leiðir til umbóta fyrir börn og starfsfólk.

Við innra mat er unnið út frá eftirfarandi spurningum:

Hversu vel stöndum við okkur?

Hvernig vitum við það?

Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?

Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Í Hlíðarenda fer fram símat á starfinu á skipulagsdögum, starfsmanna- og deildafundum yfir allt skólaárið. Mat á starfinu er bæði formlegt og óformlegt. Skráningar eru mikilvægur þáttur í endurmati og með því að skoða þær með gagnrýnu hugarfari geta þær veitt vísbendingar um það hvað gengur vel og hvar eru tækifæri til úrbóta. Því eru skráningar starfsfólks, bæði skriflegar og myndir notaðar sem matsgögn. Frásagnir barna og huglægt mat starfsfólks, kannanir til foreldra og starfsfólks, ýmis eyðublöð og gátlistar eru önnur dæmi um matsgögn sem unnið er með.

Við gerð innra mats er stuðst við „Leiðbeiningar um innra mat“ unnið af Sigríði Sigurðardóttur fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2016

[Innra mat leikskoli 21.8.2016 \(stjornarradid.is\)](http://stjornarradid.is)

2.1.1 Niðurstöður úr matsáætlun 2023-2024

Eftirfarandi þættir leikskólstarfsins voru á matsáætlun Hlíðarenda fyrir skólaárið 2023-2024

Grænfánastarf:

Þar sem það hafa verið töluverðar breytingar í starfsmannahóp Hlíðarenda þótti okkur ástæða til að kynna grænfánastarfið betur fyrir nýju og nýlegu starfsfólki. Markmiðið var að allt starfsfólk væri meðvitað um áherslur í Grænfánastarfinu. Það var kynnt á skipulagsdegi í september af „gömlum“ og reyndum kennara. Í framhaldi af því var umbótaþáttur um náttúruvernd duglegur í að minna starfsfólk á og koma með hugmyndir á öllum morgunfundum og skipulagsdögum skólaársins. Ákveðið var að halda þessu fyrirkomulagi áfram, bæði til að kynna starfið fyrir nýju starfsfólki og til að minna eldra starfsfólk á markmið og leiðir. Við settum okkur einnig það markmið að elstu börn leikskólans þekki grunnhugtök sem verið er að vinna með í tengslum við Grænfánann.

Fram fór úttekt frá Landvernd á Grænfánastarfinu í maí í tengslum við umsókn um sjöunda Grænfána Hlíðarenda. Endurgjöf var góð og má sjá hér neðar sem viðhengi.

Styrkleikar: Í starfsmannahópnum er mikil vitneskja og áhugi á Grænfánastarfinu. Flest starfsfólk stendur sig vel í að halda áherslum í grænfánastarfi á lofti og börnin taka virkan þátt og þekkja hugtök sem unnið er með hverju sinni. Við teljum að nýtt starfsfólk sé orðið öruggara með til hvers er ætlast af þeim varðandi Grænfánavinnu og að það þekki betur til starfsins.

Umbætur: Við þurfum að halda áfram að leggja tíma og metnað í að uppfræða og þjálfa nýtt starfsfólk. Við ætlum að festa það að á fyrsta skipulagsdegi á hverju hausti verði farið vel yfir umhverfismál og Grænfána. Skólastjórnendur og umbótahópur um náttúruvernd bera ábyrgð á eftirfylgni.

Læsi:

Við settum okkur það markmið að allt starfsfólk sé meðvitað um að efla málþroska og læsi í daglegu starfi. Á skipulagsdögum og morgunfundum yfir skólaárið var umræða um hvernig starfsfólk getur verið góð málfyrirmynd og farið yfir þær leiðir sem gefast vel í málörvun í daglegu starfi. Notuðum veggspjald um gæðamálörvun í daglegu starfi sem leiðarljós í þessari vinnu. Umbótahópur um læsi hittist reglulega á skólaárinu og deildu hugmyndum með öllu starfsfólki.

Styrkleikar: Við teljum okkur hafa náð þeim markmiðum að námsumhverfi sé hvetjandi og að vinnubrögð starfsfólks séu fagleg og að öll séu meðvituð um að nota gæðamálörvun í öllu daglegu starfi. Gengið hefur vel að hafa ritmál sýnilegt á deildum og börnin hafa frjálstan aðgang að læsishvetjandi efnivið í daglegu starfi.

Umbætur: Við þurfum að passa uppá að lesið sé a.m.k. daglega fyrir öll börn í litlum hópum á öllum deildum. Það hefur verið misjafnt milli deilda hvernig hefur gengið að halda því inni. Næsta skólaár ætlum við að leggja áherslu á lestrarstundir eftir nónhressingu. Að börnunum sé skipt í litla hóp og að öll fái lestur sem hæfir þeirra þroska. Einnig þurfum við að skerpa á Orðaspjalls vinnu á sumum deildum. Við ætlum að hafa góða kynningu á orðaspjallinu á skipulagsdegi í september og fá reyndari deildarstjóra til að handleiða óreyndari í þessu verkefni.

Blær:

Markmið okkar er að unnið sé með Blæ a.m.k. vikulega á öllum deildum. Það hefur gengið vel að halda því. Umbótahópur um lífsleikni hefur haldið utan um vinnu með Blæ í leikskólanum. Hópurinn hittist reglulega yfir skólaárið og deildir hugmyndum með öllu starfsfólki og sér um að öll séu meðvituð um mikilvægi Blæs stunda.

Styrkleikar: Unnið er markvisst og reglulega með Blæ á öllum deildum.

Umbætur: Eins og með aðra fasta liði í leikskólastarfinu þarf að vera kynning á Blæ á fyrsta skipulagsdegi í september fyrir allt starfsfólk. Við þurfum að senda fleira starfsfólk á námskeið til að auka sjálfstæði þeirra og öryggi í vinnu með Blæ.

Heilsueflandi vinnustaður:

Haustið 2023 ákvað starfsmannahópurinn að hefjast handa við að gera Hlíðarenda að heilsueflandi vinnustað. Hulda Sólveig kom með kynningu á starfsmannafund í september og áhugasamt starfsfólk bauð sig fram í undirbúnings- og innleiðingarhóp. Hópurinn hélt vel utan um verkefnið með dyggum stuðning frá Huldu Sólveigu. Ásamt því að sjá um skráningar á matslistum og öðru sem tengist verkefninu var hópurinn einnig duglegur að standa fyrir ýmiskonar uppákomum fyrir

starfsmannahópin í tengslum við heilsueflandi vinnustaði. Þar má helst telja þátttöku í lífshlaupinu sem starfsfólk gerði sér lítið fyrir og vann sinn flokk, 1. sætið með flesta daga í hreyfingu. Öll innleiðing gekk vel og í dag er Hlíðarendi heilsueflandi vinnustaður.

Daglegt starf á deildum – frjáls leikur, samverustundir, hópastarf, lestrarstundir

Við settum okkur þau markmið að börnin fengu að hafa meiri áhrif á val sitt og að þau fengu aukinn tíma fyrir leikinn. Einnig vildum við skoða hvort verkefnaúrval væri nógu fjölbreytt og hæfandi aldri og þroska barnanna á deildunum. Áhersla var lögð á það meðal starfsfólks að það væri til staðar í leik barnanna, að starfsfólk skipti sér á svæði á deildunum og að börnin fengu tækifæri til að vera í ólíkum hópum í leik. Starfsfólk hefur lagt sig fram um að vera sveigjanlegt og fylgja frumkvæði barnanna í verkefnavali og frjálsum leik.

Styrkleikar: Börn og starfsfólk fær að njóta sín í leik og starfi. Starfsfólk er meðvitaðra um mikilvægi þess í leiknum og að það þurfi að vera sveigjanlegt og taka tillit til ólíkra þarfa. Börnin fá tækifæri til að vera virk og hafa aukin aðgang að því að velja sér efnivið sjálf. Á öllum deildum er starfsfólk mjög meðvitað um að skipta börnunum á svæði svo þau hafi meira svigrúm og næði í leiknum. Starfsfólk passar vel uppá að vera til staðar á þessum svæðum, börnin eru í forgangi.

Umbætur: Við viljum ná meiri árangri í uppeldisfræðilegum skráningum. Það er töluvert um skráningar í formi ljósmynda en við viljum gera meira úr þeim og þurfum að skoða hvernig við getum virkjað starfsfólk til þess.

2.2 Húsnæði og lóð

Daglegt eftirlit með húsnæði og garði er í höndum starfsmanna leikskólans með ábyrgð leikskólastjóra. Athugasemdum er komið til leikskólastjóra sem kemur þeim áfram til húsumsjónarmanna eða annarra eftir því sem við á.

Sumarið 2023 voru leiktæki máluð og hellur við útgang hjá Birkilundi lagaðar. Þær eru þó orðnar lélegar aftur ásamt hellulögn víða í garðinum.

Vorið 2024 var settur dúkur uppá vegg á starfsmannagangi. Veggurinn var illa farinn vegna matarvagna sem nuddast upp við hann og vonumst við til að þetta komi í veg fyrir það.

2.3. Ytra mat

Á vorönn var lögð fyrir starfsmenn vinnustaðagreining Hafnarfjarðar á vegum Prósent. Markmið með vinnustaðakönnun prósent var að mæla starfsánægju, almenna líðan í starfi, hollustu og helgun starfsfólks. Gögnum var safnað frá 17. janúar til 9. febrúar 2024, könnunin var netkönnun. Svarhlutfall var hátt og ekki hægt á líta öðruvísi á en að niðurstöður séu mjög jákvæðar fyrir skólann, allir þættir sem spurt var um voru yfir meðaltali. Það sem þarf helst að bæta er vinnuálag og leggja aukna áherslu á starfsþróun starfsfólks. Við teljum að við getum dregið úr daglegu vinnuálagi á deildum með góðu skipulagi og samvinnu milli deilda, við ætlum að leggja áherslu á þann þátt og fylgja því eftir næsta skólaár. Einnig viljum við hvetja starfsfólk til að sækja fjölbreytt námskeið sem eru víða í boði ásamt því að bjóða uppá fjölbreytta fræðslu á skipulagsdögum. Stjórnendur ætla að gefa starfsfólki tækifæri á að sækja námskeið sem það hefur áhuga á og hvetja það til að sýna frumkvæði til að vinna að eigin starfsþróun.

Foreldrakönnun var lögð fyrir í febrúar á vegum Skólapúlsins. Svarhlutfall var 74%. Könnunin var rafræn, ein könnun var send á hvert heimili. Niðurstöður voru heilt yfir jákvæðar. Sérstaklega fannst okkur mikilvægt að skoða niðurstöður úr opnum spurningum, bæði er gott að heyra hvað vel er gert en einnig er mjög gott að fá ábendingar um það sem betur mætti fara. Það sem við tókum helst út úr þessari könnun er ánægja foreldra með starfsfólk og hve ánægð þau telja börnin sín í leikskólanum. Einnig þótti okkur einstaklega ánægjulegt að sjá að foreldrar eru jákvæðari varðandi upplýsingagjöf frá leikskólanum en áður, þar sem við höfum lagt sérstaka áherslu á það síðasta árið. Við ætlum að halda áfram að leggja áherslu á að bæta upplýsingamiðlun til foreldra með því að gæta þess að daglega séð skráð í fataklefa hvað gert var í leikskólanum ásamt því að deildarstjórar sendi reglulega pósti varðandi starfið til foreldra. Við ætlum einnig að passa uppá að allir nýir foreldrar fái móttökusamtal við leikskólastjóra að vori og annað við deildarstjóra á aðlögunartímabilinu.

Niðurstöður beggja kannanna voru kynntar starfsfólki í maí. Þar kom fram að flest eru ánægð og stolt af góðum niðurstöðum og starfsfólk vill leggja sig fram um að gera góðan vinnustað enn betri.

2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra og ytra mats

Fyrir komandi starfsár er áætlað að halda áfram að vinna á sama hátt og áður þar sem leikurinn er hafður í fyrirrúmi og áhersla lögð á lífsleikni, hreyfingu og umhverfismennt með einkunnarorð skólans í forgrunni, virðing-vikni-velliðan.

Matsþáttur	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Matsaðferð	Árangur
Grænfánastarf	Að allt starfsfólk sé meðvitað um áherslur í Grænfánastarfi og taki þátt.	Skólastjórnendur og umbótahópur um náttúruvernd	Haust 2024	Vor 2025	Óformlegt mat með umræðum í umbótahóp og með öllu starfsfólki	Að allt starfsfólk taki virkan þátt í Grænfánastarfi og þekki áherslur sem unnið er með.
Læsi	Að lesið sé a.m.k. daglega fyrir öll börn í litlum getuskiptum hópum eftir nónhressingu. Að allar deildir vinni með orðaspjall með öllum börnum	Skólastjórnendur - deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Óformlegt mat á deildarfundum og deildarstjórafundum	Að lesið sé fyrir öll börn daglega og að unnið sé með Orðaspjall með öllum börnum.
Blær	Að allt starfsfólk þekki Blæ og hvernig á að vinna með hann. Að starfsfólk sækji námskeið um Blæ	Skólastjórnendur – umbótahópur um lífsleikni	Haust 2024	Vor 2025	Óformlegt mat með umræðum í starfsmannahópnum og í umbótaópi um lífsleikni	Að allt starfsfólk geti örugglega unnið á sjálfstæðan hátt með Blæ
Daglegt starf	Að starfsfólk tileinki sér og noti uppeldisfræðilegar skráningar	Skólastjórnendur	Haust 2024	Vor 2025	Óformlegt mat á deildarstjórafundum yfir veturinn	Að allir kennarar kunni og séu öruggir í að vinna með uppeldisfræðilegar skráningar

Vinnuálag	Draga úr daglegu álagi á deildum með góðu skipulagi og samvinnu milli deilda.	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2024	Vor 2025	Mánaðarleg umræða á deildarstjórafundum	Að starfsfólk upplifi minna álag í starfi.
Starfsþróun	Hvetja starfsfólk til að sækja fjölbreytt námskeið sem eru í boði. Þjóða upp á fjölbreytta fræðslu á skipulagsdögum.	Stjórnendur á fræðslu á skipulagsdögum og að gefa tækifæri á að sækja námskeið. Starfsfólk á að sækja um þau námskeið sem það hefur áhuga á.	Haust 2024	Vor 2025	Fylgjast með og skrá námskeið sem starfsfólk sækir	Að starfsfólk sýni frumkvæði að vinna í eigin starfsþróun og fái tækifæri til þess.
Félagsleg samskipti	Fækka árgöngum á deildum	Stjórnendur	Vor 2024	Haust 2025	Barnalistar deilda	Að ekki séu fleiri en 3 árgangar á deild
Upplýsingamiðlun	Vikulegir/hálfsmánaðarlegir deildarpóstar frá deildarstjórum Skráð í fataklefa daglega hvað gert er yfir daginn	Stjórnendur og deildarstjórar.	Alltaf	Alltaf	Mánaðarlegt tékk á deildarstjórafundum.	Að allir deildarstjórar sendi reglulega pósta og að skráð sé daglega í fataklefa allra deilda
Leikskólabyrjun	Móttökusamtal að vori við leikskólastjóra, móttökusamtal við deildarstjóra á aðlögunartímabili	Stjórnendur og deildarstjórar	Maí 2024	Sept 2024	Skráningar á að allir fái móttökusamtal	Að allir foreldrar hafi fengið móttökusamtal

2.5 Matsáætlun skólaárið 2024-2025

Umbótapáttur	Markmið	Leiðir/aðgerðir	Matsaðferð	Ábyrgð	Endurmat	Viðmið um árangur
Skólanámskrá	Að endurskoða og uppfæra skólanámskrá með hliðsjón af breytingum á Aðalnámskrá leikskóla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og nýrri menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar og lögum um samþættingu í þjónustu í þágu farsældar barna.	Unnið í hópum á skipulagsdögum og starfsmannafundum, bæði deildarhópum og umbótahópum.	Umræður starfsfólks í fjölbreyttum hópum.	Skólastjórnendur	Vor 2025	Ný skólanámskrá.
Lífsleikni	Að finna leiðir til að gera lífsleikni hærra undir höfði í leikskólastarfinu.	Að umbótahópur um lífsleikni finni leiðir og verkefni til að bæta inn í lífsleikni starf leikskólans.	Óformlegt mat með umræðum starfsfólks.	Skólastjórnendur – umbótahópur um lífsleikni.	Vor 2025	Að leiðir í lífsleiknivinnu séu fjölbreyttari en áður og að starfsfólk þekki nýjar aðferðir.
Úrræðalisti	Að úrræðalisti starfsfólks sé alltaf uppfærður og réttur. Að starfsfólk tileinki sér að fara eftir þrepum úrræðalistans.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar yfirfara úrræðalista saman. Úrræðalisti sé kynntur vel fyrir öllum starfsfólki að hausti.	Könnun að vori hvort starfsfólk þekki úrræðalistann.	Sérkennslustjóri	Vor 2025	Að allt starfsfólk þekki og kunni að vinna eftir úrræðalista, eftir því sem við á.

						Að úrræðalisti sé reglulega uppfærður.
Uppeldisfræðilegar skráningar	<p>Að gera leikskólastarfið sýnilegra.</p> <p>Að kennarar hafi fleiri leiðir til að fylgjast með námi og þroska einstaka barna.</p> <p>Að kennarar skoði og ígrundi kennsluaðferðir sínar.</p>	<p>Ætlum að fá kennara sem eru í vinnu með menntavísindasviði að deila hugmyndum um skráningaleiðir með kennurum.</p> <p>Fá reyndari kennara til að handleiða þá reynsluminni.</p>	Samantekt á skráningum í lok skólaárs.	Stjórnendur og deildarstjórar	Vor 2025	Að kennarar eigi skráningar af öllu daglegu starfi.
Samvinna milli deilda	<p>Að unnið sé á sambærilegan hátt með sama aldur á milli deilda og að sömu markmið séu fyrir hvern aldurshóp.</p> <p>Að mannauður deildanna sé nýttur þannig að öll börn fái sömu tækifæri.</p>	<p>Hafa daga þar sem börn geta farið á milli deilda.</p> <p>Leggja aukna áherslu á að kennarar með sama aldur fái tækifæri til að hittast reglulega.</p>	Óformlegt mat á deildarstjóra- og deildarfundum	Stjórnendur og deildarstjórar	Vor 2025	Að börn, starfsfólk og foreldrar upplifi samfellu, samvinnu og samkennd í öllum leikskólanum.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

Eins og fram hefur komið verður haldið áfram að vinna á sama hátt og áður með áherslu á frjálstan leik og nám í gegnum leikinn. Áfram verður áherslan á lífsleikni, hreyfingu og umhverfismennt. Sjónum er beint að þátttöku, frumkvæði og sköpun barnanna og boðið er upp á fjölbreytt verkefni sem ýta undir sjálfstæði þeirra og virkni þannig að þau eigi sem besta möguleika á að tengja námið við fyrri reynslu sína og byggja við þá þekkingu sem þau hafa þegar öðlast. Verkefnin sem lögð eru fyrir börnin þurfa að vera krefjandi, áhugaverð og fjölbreytt og jafnframt samræmast aldri og þroska hvers einstaka barns. Áfram verður lögð áhersla á að vinna með læsi og fylgja eftir þróunarverkefninu Málrækt í Hlíðarenda sem kom út haustið 2022. Með töluverðri endurnýjun í starfsmannahópnum og sérstaklega hjá deildarstjórum koma óhjákvæmilega nýjar áherslur í starfið. Við viljum leggja aukna áherslu á samvinnu milli deilda þannig að deildarstjórar geti nýtt sér styrkleika og fjölbreytta þekkingu hvors annars og jafnframt til að öll börn fái sömu tækifæri og foreldrar upplifi samfellu í leikskólastarfinu. Við viljum halda áfram að leggja aukna áherslu á uppeldisfræðilegar skráningar í starfinu og í leið leita leiða til að gera starfið sýnilegra bæði fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Skráningar auðvelda einnig við mat á hinum ýmsu þáttum skólastarfsins. Það er komin tími á að endurskoða og uppfæra skólanámskrá Hlíðarenda og mun sú vinna hefjast á næsta skólaári.

1. Halda áfram endurskoðun á því hvernig börnum er raðað á deildir

Markmið: Að börnum sé skipt á deildar þannig að kynja- og aldurshlutfall sé eins jafnt og sanngjarnt og hægt er að hafa það

Leiðir að markmiðið: Umræða og útfærslur á deildarstjórafundum.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri.

Mat: Símat yfir veturinn hvernig gengur með deildir eins og þær eru, endurmat snemma að vori 2025 og niðurröðun á deildar endurskoðuð fyrir næsta skólaár ef þörf þykir á.

2. Uppeldisfræðilegar skráningar

Skráningar eru góð leið til að gera leikskólastarfið sýnilegt. Þær byggja á hlustun og ígrundun á upplifun og skynjun og eru ætlaðar til þess að auka skilning á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Skráningar skapa grundvöll til ígrundunar á uppeldisstarfinu fyrir kennarana og geta einnig nýst kennaranum til að skoða sitt eigið starf og meta. Uppeldisfræðilegar skráningar geta verið skriflegar athugasemdir, ljósmyndir, upptökur og verk barnanna. Með því að nota skráningar verður kennari meðvitaðri um eigið starf og honum gefst tækifæri til að flétta starfið saman við fræðin. Um leið geta skráningar verið kveikja að áframhaldandi starfi með barni/barnahóp og opnað leiðir til að þróa og bæta starfið.

Markmið: Að gera leikskólastarfið sýnilegra og skapa umræður meðal barna, starfsfólks og foreldra. Að kennarar skrái hugmyndir og tilgátur barnanna og fylgist þannig betur með námi einstaka barna og að kennarar skoði og ígrundi eigin aðferðir.

Leiðir að markmiðið: Að gefa starfsfólki tíma og rými til að ígrunda eigin skráningar og að finna fjölbreyttar leiðir til að gera skráningar sýnilegar í leikskólanum. Fá kynningu um fjölbreyttar leiðir til skráninga á skipulagsdegi í september.

Ábyrgð: Stjórnendateymi. Deildarstjórar og leikskólakennarar bera ábyrgð á að handleið ófaglært starfsfólk og kynna það fyrir mikilvægi skráninga.

Mat: Meta á skráningar jafnt og þétt yfir árið á deildar- og deildarstjórafundum. Endurmat fer fram á skipulagsdegi á vorönn.

3. Endurskoðun skólanámskrár Hlíðarenda

Markmið: Að endurskoða og uppfæra skólanámskrá Hlíðarenda. Hún verður unnin með hliðsjón af breytingum á Aðalnámskrá leikskóla, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og nýrri menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar. Auk þess mun hún taka mið af lögum um samþættingu í þjónustu í þágu farsældar barna.

Leiðir: Unnið í hópum á skipulagsdögum og starfsmannafundum, bæði deildarhópum og umbótahópum. Vinna hefst í september 2024.

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri.

4. Samvinna milli deilda

Starfsfólk er sammála um mikilvægi þess að góð og náin samvinna sé á milli deilda. Þá er sérstaklega horft til þess að þær deildar sem eru að vinna með börn á sama aldri vinni að sömu markmiðum. Þannig sé tryggt að öll börn séu að fá sömu tækifæri en einnig er mikilvægt að börnin fái að kynnst bæði börnum og starfsfólki á öðrum deildum.

Markmið: Að unnið sé á sambærilegan hátt með sama aldri á milli deilda og að sömu markmið séu fyrir hvern aldurshóp. Að mannauður deildanna sé nýttur þannig að öll börn fái sömu tækifæri og að áhersla sé lögð á að Hlíðarendi sé einn leikskóli og að börnin fái að leika og starfa með starfsfólki og börnum af öðrum deildum.

Leiðir að markmiðum: Hafa daga þar sem börn geta farið á milli deilda. Leggja aukna áherslu á að kennarar með sama aldri fái tækifæri til að hittast reglulega.

Ábyrgð: Stjórnendateymi

Mat: Meta á hvernig gekk á skipulagsdegi í maí 2025 með óformlegu mati alls starfsfólks.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	100	Leikskólakennari
Aðstoðarleikskólastjóri	1	100	Leikskólakennari
Sérkennslustjóri	1	100	Leikskólakennari
Deildarstjóri	4	370	3 leikskólakennarar 1 B.ed. í leikskólakennarafræði
Með leyfisbréf/leikskólakennari	4	347	Leikskólakennarar Grunnskólakennari
Önnur háskólamenntun	4	4	BA í listum, BS.c í viðskiptum, Ms.c í rekstrarverkfræði, BA í uppeldisfræði
Leiðbeinandi	9	7,84	Grunnkólarpróf, stúdentspróf
Matráður	1	100	Diplóma í ferðamálafræði
Aðstoð í eldhúsi	1	100	Grunnskólapróf
Leiðbeinandi/atvinna með stuðning	1	50	

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Haustið 2023 tóku deildarstjórar starfsþróunarsamtöl við starfsfólk sinna deilda. Þeir sjálfir og starfsfólk utan deilda fékk starfsþróunarsamtal hjá leikskólastjóra. Allt starfsfólk fór svo í starfsþróunarsamtal hjá leikskólastjóra í apríl og maí 2024. Þetta er nýbreytni hjá okkur að deildarstjórar taki starfsþróunarsamtöl að hausti. Það gekk vel og var almenn ánægja með þetta fyrirkomulag og því munum við halda því áfram á komandi skólaári. Samtölin voru nýtt í að fara yfir meginverkefni starfsmanna, líðan og þróun í starfi. Persónuleg markmið starfsmanna í starfi, samskipti o.fl.. Í starfsmannasamtölunum voru nýtt eyðublöð frá mannauðsdeild sem starfsmenn höfðu tækifæri til að koma með útfyllt í viðtölin. Fæstir nýttu sér það en eyðublöðin voru þrátt fyrir það notuð sem rammi utan um samtölin og fyllt út í viðtölinu. Samtölin komu almennt vel út, deildarstjórar eru sérstaklega ánægðir með hve vel hefur tekist að leysa alla undirbúningstíma með nýju fyrirkomulagi.

4.3 Símenntun síðasta skólaárs

- Vinnustofan Samskipti og liðsheild hjá Saga Story House. Á skipulagsdegi í september. Allt starfsfólk.
- Fræðsla á skipulagsdegi um Heilsueflandi vinnustaði, Hulda Sólveg Allt starfsfólk
- Einn starfsmaður sótti réttindanámskeið TRAS á vorönn
- Einn starfsmaður fór á TMT hjá Greiningastöðinni
- Námskeið um C-in 4 í leikskólastarfi, tveggja daga námskeið í Berlín. Allt starfsfólk
- Netnámskeið BOFS um Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga. Allt starfsfólk.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Starfsfólk er hvatt til að sækja námskeið meðal annars á vegum skrifstofu Fræðslu- og frístundasviða Kragans, námskeið á vegum Greiningarstöðvar ríkisins og Endurmenntun Háskóla Íslands.

Starfsfólk er hvatt til að fylgjast sjálft með framboði á námskeiðum.

Árleg upprifjun á samskipta/eineltisáætlun.

Árleg upprifjun á föstum liðum í leikskólastarfi Hlíðarenda, jafningjafræðsla.

Fræðsla um samskipti og samvinnu.

Námskeið um vináttuverkefnið Blæ fyrir starfsmenn sem þess óska.

Fræðsla um uppeldisfræðilegar skráningar, jafningjafræðsla.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí 2023.

- Fjöldi barna í leikskólanum 86
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkvæmt greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki er 2 börn.
- Fjöldi barna með ofnæmi
- Fjöldi barna með fæðuþol
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku 12
- Fjöldi tungumála 9
- Þjóðerni forsjáraðila eru Ísland, Filippseyjar, Ítalía, Pólland, Rússland, Þýskaland, Úkraína, Nígería, Líbía og Ekvador.

5.2 Foreldrasamvinna

Þétt og náð samstarf við foreldra eykur sýnileika leikskólans og stuðlar að jákvæðu viðhorfi til skólastarfsins. Það er okkur í Hlíðarenda kappsmál að foreldrar upplifi sig alltaf velkomin og að þeirra skoðun og ábendingar skipti okkur máli, enda eru þau hluti af hagsmunahópi leikskólans og sérfræðingar í málefnum sinna barna. Við leggjum áherslu á góð samskipti og samvinnu við foreldra og hvetjum þá til að leita til okkar. Við sendum foreldrum reglulega tölvupósta um viðburði og annað sem þurfa þykir og erum meðvituð um mikilvægi þess að gott upplýsingastreymi sé á milli leikskóla og heimilis og öfugt.

- Foreldraviðtöl, voru haldin á vorönn og gert ráð fyrir um 30 mínútum fyrir hvert barn.
- Í foreldraráði eru 2 fulltrúar sem kosnir voru á aðalfundi foreldrafélagsins í nóvember 2024.
- Í foreldrafélagi sitja 6 fulltrúar, sem skiptast þannig að það er einn frá hverri deild og tveir aukalega. Leikskólastjóri situr fundi félagsins sem voru 2 á skólaárinu auk samskipta í gegnum Facebook. Aðalfundur foreldrafélagsins skal haldinn í október ár hvert.
- Foreldrum er boðið í piparkökumálun á aðventunni.
- Foreldrafélagið býður börnum, foreldrum og starfsfólki í vöflukaffi á degi leikskólans í febrúar ár hvert.
- Foreldrafélagið heldur sumarahátíð í júní ár hvert. Þá hittast foreldrar og börn á leikskólalóðinni og skemmta sér saman.
- Foreldrafélagið stendur fyrir sveitaferð á vorin.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Með það að markmiði að börnin í Hlíðarenda öðlist jákvæða mynd af skólastarfi í grunnskóla og leggja grunn að aðlögun þeirra í Setbergsskóla og/eða aðra grunnskóla á Hlíðarendi gott samstarf við Setbergsskóla.

Börn úr Hlíðarenda fóru í skólaheimsókn í Setbergsskóla í maí. Einnig var elstu börnum leikskólans boðið á leiksýningu hjá skólanum á vorönn. Yfir skólaárið fengum við svo afnot af íþróttahúsi Setbergsskóla aðra hvora viku.

5.4 Skipulagsdagar og skert opnun vegna starfsmannafunda

Á skólaárinu 2024-2025 verða skipulagsdagar á eftirfarandi dögum:

Föstudagur 16. ágúst, sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla

Þriðjudagur 17. september.

Mánudagur 18. nóvember, sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla

Miðvikudaginn 18. febrúar, sameiginlegur skipulagsdagur leik- og grunnskóla

Föstudagur 2. maí

Á skólaárinu 2024-2025 verður skólinn opnaður kl. 10.00 í stað 7.30 vegna starfsmannafunda, fjórum sinnum yfir skólaárið, tvisvar á hvorri önn á eftirfarandi dagsetningum:

Miðvikudagur 30. október

Föstudagur 13. desember

Fimmtudagur 16. janúar

Þriðjudagur 18. Mars

Fylgirit

- Leikskóladagatal
- Endurgjöf vegna Grænfána úttektar
- Umsögn foreldraráðs

Hafnarfirði 03. júlí 2024



Leikskólastjóri

Leikskóladagatal 2024 - 2025

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	Sunnudagur	1 S	1 Þ	1 F	1 S Félagsdagurinn	1 M Miðdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkefndagurinn	1 S Skemmdagurinn	1 Þ Samræðingurinn
2 F	Sunnudagur	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F Húsnáðingurinn	2 S	2 S	2 M	2 F Húsnáðingurinn	2 M	2 M Samræðingurinn
3 L		3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Félagsdagur	3 F	3 L	3 Þ	3 F Samræðingurinn
4 S		4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sparradagur	4 F	4 S	4 M	4 F Samræðingurinn
5 M	Frjálsverslunardagurinn	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M Óskadagur	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ	Samræðingurinn	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þrúfúðingurinn	6 F	6 F Dagur líkaskóla	6 S	6 Þ	6 F	6 S
7 M	Samræðingurinn	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F Dagur líkaskóla	7 M	7 M	7 L	7 M Samræðingurinn
8 F	Samræðingurinn	8 S	Dagur læmis	8 Þ	8 F	8 S	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 S Húsnáðingurinn
9 F	Samræðingurinn	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M	9 M Óskur til lægis
10 L		10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 M Samræðingurinn
11 S		11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M Samræðingurinn
12 M		12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 L Samræðingurinn
13 Þ		13 F	13 S	13 M	13 F	Margrafedagur	13 M	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S Samræðingurinn
14 M		14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L	14 M Samræðingurinn
15 F		15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ Samræðingurinn
16 F	Samráðingurinn	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M Samræðingurinn
17 L		17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 M Samræðingurinn
18 S		18 M	18 F	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 Þ	18 M	18 S	18 M	18 F Samræðingurinn
19 M		19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L Samræðingurinn
* Þ	* F	* S	* M	* L	* M	* F	* M	* F	* S	* Þ	* F	* M Samræðingurinn
21 M	21 L	21 M	21 F	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L	21 M Samræðingurinn
* F	* S	* Þ	* F	* S	* M	* L	* L	* Þ	* Þ	* F	* S	22 Þ Samræðingurinn
* F	* M	* M	* L	* M	* F	* S	* S	* S	* M	* F	* M	23 M Samræðingurinn
* L	* Þ	* F	* S	* Þ	* M	* F	* M	* M	* F	* L	* Þ	24 F Samræðingurinn
* S	* M	* F	* M	* L	* M	* L	* Þ	* Þ	* F	* S	* M	25 F Samræðingurinn
* M	* F	* S	* M	* Þ	* F	* S	* M	* M	* L	* M	* F	26 L Samræðingurinn
* Þ	* F	* S	* M	* L	* M	* F	* F	* F	* S	* Þ	* F	27 S Samræðingurinn
* M	* L	* M	* F	* L	* M	* Þ	* F	* F	* M	* M	* L	28 M Samræðingurinn
* F	* S	* Þ	* F	* S	* M	* L	* L	* L	* Þ	* F	* S	29 Þ Samræðingurinn
* F	* M	* M	* L	* M	* F	* S	* M	* S	* M	* F	* M	20 M Samræðingurinn
31 L		31 F			31 Þ	31 F		31 M		31 L		Samræðingurinn

Vetrarfréttakrúningur Sumarþoun líkaskóla
Jólafréttakrúningur
Páskfréttakrúningur
Sumarfréttakrúningur
Sumarfréttakrúningur



Hlíðarendi
b.t. Þórelfar Bragadóttur

Reykjavík, 21. maí 2024

Efni: Vegna grænánáúttektar 7. maí sl.

Kæra Þórelfur og umhverfisnefnd Hlíðarenda

Bestu þakkir fyrir góðar móttökur í úttektinni og gott spjall. Hér að neðan er endurgjöf til ykkar ásamt niðurstöðum úttektarinnar.

Þið unnuð með þemað Náttúruvernd

Skrefin sjö

	Ábendingar
1. Umhverfisnefnd	X Elstu börnin skipa umhverfisnefnd barna. Starfsmaður frá hverri deild ásamt starfsmönnum eldhúss skipa nefnd fullorðinna. Virkilega gaman að hitta umhverfisnefndina sem var mjög meðvituð um Grænánastarfið.
2. Mat á stöðu mála	X Gátlisti notaðir í upphafi tímabils, og einnig notaður sérstakur gátlisti fyrir deildarstjóra. Vekjum athygli á nýjum og uppfærðum gátlistum hér: Gátlistar-graenfaninn.is
3. Aðgerðaráætlun og markmið	X Þið settuð ykkur flott og raunhæf markmið og náðuð framkvæma það sem þið stefnduð að.
4. Eftirlit og endurmat	X Gott samtal á fundardögum og allir starfsmenn þátttakendur í því að meta starfið.
5. Grænáninn í daglegu starfi	X Til fyrirmyndar í skólanum, mikil áhersla á náttúruupplifun barna og fjölmörg verkefni unninn.
6. Upplýsa og fá aðra með	X Foreldrar meðvitaðir og fá upplýsingar í gegnum heimasíðu og tölvupósta. Skólinn er virkur í því að miðla til annarra.
7. Umhverfissáttmáli	X Fallegt lag sem hefur fylgt skólanum lengi

Markmið umhverfisnefndar sem unnið var með á tímabilinu

Að læra að njóta og vernda náttúruna	X Göngutúrar sem ganga út á að kynnumst umhverfi okkar. Lærum um sögu umhverfis í kringum leikskólans og skoðum gamlar minjar
--------------------------------------	---

Kynna dýra og plöntulífi í nágrenni skólans	X	Lærum um plöntur í okkar nánasta umhverfi. Lærum um dýr í okkar nánasta umhverfi. Fylgjumst með hvernig árstíðir hafa áhrif á gróður og dýralíf
Læra hvernig lífshættir okkar geta haft áhrif á náttúru	X	Lærum um hvað gerist við ræktun. Að með því að flokka, endurnýta og fara vel með verndum við umhverfið. Kynnumst því hvað rotnar og eyðist í náttúrunni
Læra hversu mikilvægt vatn er fyrir jörðina	X	Lærum um hringrás vatns. Lærum um notagildi vatns

Heildarniðurstaða

Skólinn heldur áfram að standa sig vel í Grænánaverkefninu, það var virkilega ánægjulegt að hitta umhverfisnefndina og heyra hvað þau voru meðvituð umhverfismál og það flotta starf sem fram fer í leikskólanum. Þemaverkefnið og sýningin var frábær og gott dæmi um hvernig er hægt að nálgast þemað út frá mismunandi aldri barna. Margt gott í tengslum við Grænánann er orðið að sjálfsögðum hlut í leikskólanum og mörg verkefni tengd þemanu voru unnin á tímabilinu ásamt fjölmörgum vettvangsferðum. Það er ánægjulegt að heyra hversu áhugasamur starfsmannahópurinn er og vinnur saman í Grænánaverkefninu. Greinilegt er að metnaður er fyrir því að halda úti góðu Grænánastarfi.

Á vefsíðu Grænánans er full af námsefni sem getur gefið ykkur innblástur um ný verkefni og nýjar nálganir. Nýjasta námsefnið er Loftslagssmiður, fjölbreytt verkefni sem tengjast loftslagsmálum. Þar má einnig finna nýútgefna [Handbók um menntun til sjálfbærni](#).

Í Verkefnakistu Grænánans má finna fjölbreytt verkefni. Verkefnin eru ýmist samin af menntateymi Landverndar eða hafa komið frá Grænánaskólum í gegnum tíðina. Verkefnið [Umhverfisfréttafólk](#) er orðið mjög vinsælt verkefni fyrir unglingastigið og framhaldsskólana, hvetjum ykkur til þess að skoða það.

Þið hafið náð þeim góða árangri að fá grænánann afhentan í sjöunda sinn. Innilega til hamingju með það!

Með kærri kveðju
Ósk Kristinsdóttir
Sérfræðingur hjá menntateymi Landverndar



HAFNARFJÖRÐUR

Staðfesting foreldraráðs leikskólans Hlíðarenda um starfsáætlun 2024-2025

Í lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 kemur fram í 11. gr. að hlutverk foreldraráðs sé að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2.mgr.4. gr., um skólanámskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans.

Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð leikskólans Hlíðarenda staðfestir með undirskrift sinni hér að neðan að það hefur farið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2024-2025

Hafnarfjörður 2. júlí 2024


Ólafur A. Keisjónsson
